



## Menningar- og fegrunarnefnd 2. maí 2007

Tíundi fundur menningar- og fegrunarnefndar Blönduóssbæjar var haldinn á bæjarskrifstofu 2. maí 2007 kl. 15:00. Mæting samkvæmt undirskriftum.

### Dagskrá og afgreiðslur:

**1. Fegrunarmál Blönduósbæjar**

*Umræður urðu um skiltastaðsetningar, götuskilti, gangstéttar og kantsteina innan Blönduósbæjar. Umsjónamaður tæknideildar, Ragnar Ingi mætti á fundinn og fór yfir málin með nefndarmönnum. Óskað er eftir fjármagni frá bæjarstjórn Blönduósbæjar til endurnýjunar á götuskiltum, gangstéttum og umferðarskiltum.*

**2. Húnavaka 2007**

*Ákveðið hefur verið að ráða sömu framkvæmdastjóra og í fyrra til umsjónar Húnavöku 2007 sem áætlað er að verði helgina 13. - 15. júlí nk.*

**3. 17. júní 2007**

*Haft var samband við formann Hestamannafélagsins Neista, Þorgils Magnússon og mun undirbúningur vegna 17. júní hátíðarhalda vera í höndum félagsins árið 2007.*

**4. Önnur mál**

Fundi slitið kl. 16:00.

Nína Margrét Pálmadóttir (sign.)  
Þórhallur Barðason (sign.)

Sigurlaug Markúsdóttir (sign.)